

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit 2011.**

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir	25.560 kr.
Sumarhús og íbúðir í árshlutanotkun:	12.840 kr.
Fyrirtæki:	
Flokkur 1	6.960 kr.
Flokkur 2	12.840 kr.
Flokkur 3	20.400 kr.
Flokkur 4	51.000 kr.
Flokkur 5	102.000 kr.
Flokkur 6	151.800 kr.
Flokkur 7	204.000 kr.
Flokkur 8	408.000 kr.

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum og lögbýlum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra. Gjaldið er innheimt jafnhliða fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu og þeirra.

Gjalddagar eru átta: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september. Kostnaður vegna pöntunar á járna- eða timburgám til einkanota er kr. 10.000.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar þann 16. desember 2010.

*Þingeyjarsveit, 16. desember 2010.*

**Tryggvi Harðarson** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 13. janúar 2011